

Ed.

701. Frumvarp til laga

[94. mál]

um nauðungaruppboð.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 174 með þessari breytingu:

32. gr. hljóðar svo:

Nú hefur veðhafi, þar á meðal handveðhafi að veðskuldabréfi, eða aðfararhafi orðið hæstbjóðandi á uppboði og fær samkvæmt boði sínu greiðslu að nokkru, en ekki að fullu, og er honum þá rétt að krefjast þess, að eign verði honum lögð út til eignar fyrir það verð, er hann hefur boðið, enda segi hann til, meðan þess er enn kostur að gera hærra boð. Nú bíður enginn betur, og skal þá hætta uppboði.

Aðili greiðir gjald í rikissjóð sem fyrir árangurslaust uppboð.

Nú krefur einhver þeirra, sem í 1. málsgr. 21. gr. segir og gerzt hefur kaupandi að eign, án þess að krafa þeirra hafi greiðzt að fullu, skuldunaut eða aðra um eftirstöðvar kröfunnar eða hluta af þeim, og getur dómur þá fært kröfu niður um það, er svarar mismun á sannvirði eignar á uppboðsdegi, svo sem það sannast með mati óvilhallra manna eða með öðrum hætti, og kaupverði.

Rétt er og skuldunaut og öðrum, sem svara eiga til kröfu samkvæmt 1. málsgr., að höfða mál á hendur kröfuhafa til ákvörðunar á sannvirði eignar á uppboðsdegi, og getur dómur þá fært kröfu niður undir sama skilorði sem áður var mælt.